

## Breikkun Lindarvegar í Kópavogi

### Ákvörðun um matsskyldu

#### Inngangur

Þann 19. apríl 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Kópavogsbæ um fyrirhugaða breikkun Lindarvegar frá Bæjarlind að Fífuhvammsvegi í Kópavogi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Kópavogsbæjar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis en fyrir lá umsögn Umhverfisstofnunar um framkvæmdina og tillögu að breyttu deiliskipulagi vesturhluta Fífuhvammslands frá 11. apríl 2016.

#### Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breikkun Lindarvegar frá Bæjarlind að Fífuhvammsvegi í Kópavogi. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Kópavogsbær, skipulags- og umhverfissvið, dags. 19. apríl 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Kópavogsbæ með bréfi dags. 9. maí 2016
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 10. maí 2016.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða breikkun Lindarvegar á um 50 m kafla frá Bæjarlind að Fífuhvammsvegi. Við framkvæmdirnar komi 3,5 m breið beygjuafrein við gatnamót Fífuhvammsvegar og Lindarvegar norðvestan lóðarinnar Fífulind 13-15 í stað opins bæjarlands þar sem fyrir sé göngustígur, hljóðveggir og manir. Komið verði fyrir 3 m breiðum, tvöföldum hjólastíg og 2 m breiðum göngustíg meðfram Lindarvegi frá Fífuhvammsvegi að undirgöngum við Álalind. Einnig er gert ráð fyrir nýrri hjólaleið meðfram Lindarvegi með breikkun götunnar um rúmlega 1 m frá Fífuhvammsvegi að Álalind. Hringtorg á gatnamótum Bæjarlindar og Lindarvegar færast til norðvesturs miðað við núverandi legu auk þess sem lega hljóðmana- og veggja breytist. Fram kemur að árið 2024 þegar vesturhluti Fífuhvammslands verði fullbyggður sé talið að umferð verði helmingi meiri en við núverandi aðstæður eða 6.000 bílar á sólarhring.

Fram kemur að megin tilgangur fyrirhugaðra vegaf framkvæmda sé að bæta flutningsgetu, auka umferðaröryggi á svæðinu og að þjónustustig samgangna verði í samræmi við kröfur og staðla. Jafnframt er miðað að því að draga úr umferð í íbúðahverfum.

#### Umhverfisáhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á loftgæði og hljóðstigi.



**Loftgæði.** Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að árs- og vetrarmeðaltal svifryks og köfnunarefnisdíoxíðs verði undir heilsuverndarmörkum auk þess sem sólarhrings- og klukkustundarmeðaltal köfnunarefnisdíoxíðs verði undir heilsuverndarmörkum. Þá kemur fram að árs- og sólarhringsmeðaltal svifryks geti farið yfir heilsuverndarmörk á og við götu og í hringtorgum (mest um 15 metra frá götu) en að styrkleikinn sé undir heilsuverndarmörkum við hús t.d. við Fífulind 13-15 og Funalind 15. Í ljósi þess sé ekki þörf á sérstökum aðgerðum vegna loftgæða í kjölfar fyrirhugaðra framkvæmda og aukinnar umferðar. Kópavogsbær muni hins vegar standa fyrir vöktun á mögulegum áhrifum vegna loftmengunar vegna aukinnar umferðar.

**Hljóðstig.** Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 séu viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá umferð 55 dB(A) fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæðum og 65 dB(A) fyrir íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum og miðist hljóðstig við svæði fyrir utan opnanlega glugga. Hljóðstigsútreikningar hafi miðist við 6000 bíla ÁDU sem gert sé ráð fyrir árið 2024. Útreiknuð punktgildi hávaða með hljóðvörnum séu á bilinu 52-61 dB(A) á þeim húshliðum sem vísi að umferðargötum. Því hafi verið skoðaður möguleiki á hljóðvörnum meðfram Lindarvegi og við hringtorg á gatnamótum Lindarvegjar og Fífuhvammsvegjar. Fram kemur að með 2-2,5 metra hárrí jarðvegsmön við umrædd gatnamót ásamt 2 metra hljóðvegg við Lindarveg megi lækka hljóðstigið niður fyrir 55 dB(A) á fyrstu hæð húsa. Á efri hæðum þeirra húsa sem hljóðstig fari yfir 55 dB(A) þurfi að taka mið af útreiknuðu hljóðstigi utan við húshliðar þannig að hljóðvist innanhúss uppfylli kröfur reglugerðar um hávaða nr. 724/2008. Fram kemur að ef hljóðeinangrun húsa reynist ekki uppfylla ákvæði um jafngildishljóðstig innanhúss, 30 dB(A) fyrir íbúðarhúsnæði miðað við lokaða glugga og opnar loftrásir, þurfi að gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. muni bæjaryfirvöld kosta lagfæringar á gluggum í samræmi við 51. gr. skipulagslaga.

Í umsögnum Kópavogsbæjar og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kom fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki sæta mati á umhverfisáhrifum.

## Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á gildandi deiliskipulagi.

## Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða breikkun Lindarvegjar á milli Bæjarlindar og Fífuhvammsvegjar á um 50 m kafla í Kópavogi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að sem slík er fyrirhuguð breikkun götunnar ekki umfangsmikil framkvæmd og munu framkvæmdir ekki standa lengi yfir. Hins vegar er jafnframt ljóst að vegna aukinnar umferðar næstu árin um götuna má búast við rýrnandi loftgæðum. Spár um loftmengun sýna þó að loftborin mengunarefni verði undir viðmiðunarmörkum reglugerða miðað við þá umferðaraukningu sem spáð er næstu árin. Skipulagsstofnun telur þó mikilvægt að Kópavogsbær standi fyrir vöktun á loftgæðum eins og bæjarfélagið hyggst gera og að gripið verði til ráðstafana ef loftmengun nálgast eða fer yfir viðmiðunarmörk.

Þá telur Skipulagsstofnun ljóst að þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr hljóðstigi, þ.e. hljóðmanir og hljóðveggir, eigi að mestu að geta haldið hljóðstigi innan viðmiðunarmarkna þrátt fyrir þá umferðaraukningu sem spár gera ráð fyrir en að öðrum kosti verði gripið til annarra aðgerða



eins og Kópavogsbær fyrirhugar sem tryggja að hljóðstig verði í öllum tilfellum innan marka reglugerða.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Kópavogsbæjar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breikkun Lindarvegar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júní 2016.

Reykjavík, 27. maí 2016

Jakob Gunnarsson

Sigmar Steingrímsson